

Vilja virkja Dalavindinn



Mynd: Jay Simmons - RGBStock

Áform um vindorkugarð verða kynnt íbúum Dalabyggðar í næstu viku. Fyrirtækið Storm Orka hefur fest sér land í sveitarfélaginu og áformar að reisa þrjátíu til fjórtíu vindmyllur til raforkuframleiðslu.

Viljayfirlýsing undirrituð á haustmánuðum

Sveinn Pálsson, sveitarstjóri í Dalabyggð, segir að þrír hafi haft samband með hugmyndir um að virkja Dalavindinni. Áform Storm Orku séu komin skrefinu lengra en hugmyndir hinna tveggja þótt enn séu þau á frumstigi, segir Sveinn. Fyrirtækið hefur fest sér 1700 hektara jörð á Hróðnýarstöðum og á haustmánuðum undirrituðu fyrirtækið og sveitarfélagið vilja- og samstarfsyfirlýsingu vegna áformanna. Búið er að auglýsa skipulags- og matslýsingu að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 þar sem gert er ráð fyrir vindorkugarði.

Gætu orðið 30-40 vindmyllur

Storm Orka er í eigu Magnúsar og Sigurðar Jóhannessonar en fyrirtækið áformar að reisa 30-40 vindmyllur í landi Hróðnýjarstaða. Samkvæmt lýsingu sveitarfélagsins er áætlað er með þessu sé hægt að virkja allt að 100-130 MW raforku og mun hver vindmylla vera á milli 3-5 MW að stærð. Til samanburðar eru vindmyllurnar tvær við Búrfell aðeins minni en þessar eiga að verða. Magnús segir að að hámarki verði vindmyllurnar 40 en gætu orðið mun færri, enn á eftir að ráðast í undirbúningsvinnu en Magnús gerir ráð fyrir því að hún fari af stað í sumar. Þá eru í gangi viðræður við mögulega raforkukaupendur en ekkert frágengið, segir Magnús.

Áætlað er að halda íbúafund í Dalabyggð í næstu viku og fyrirhugaður vindorkugarður meðal fundarefna.

(<https://www.facebook.com/sharer.php?u=http://www.ruv.is/frett/vilja-virkja-dalavindinn>)



(<https://twitter.com/share?url=http://www.ruv.is/frett/vilja-virkja-dalavindinn&text=vilja%20virkja%20dalavindinn>)

(<https://www.reddit.com/submit?url=http://www.ruv.is/frett/vilja-virkja-dalavindinn&title=vilja%20virkja%20dalavindinn&text=rúv>)

(<http://www.linkedin.com/sharearticle?mini=true&url=http://www.ruv.is/frett/vilja-virkja-dalavindinn&title=vilja%20virkja%20dalavindinn&summary=rúv>)



Halla Ólafsdóttir
Fréttastofa RÚV

[Senda skilaboð](#)



(http://app-eu.readspeaker.com/cgi-bin/rsent?customerid=8321&lang=is_is&readid=region-two-66-33-first-wrapper-1231589&url=http://www.ruv.is/frett/vilja-virkja-dalavindinn)

Mest lesið á RÚV

[Í dag](#) [Vikan](#)

- [Haley miður sín yfir ummælum Trumps](#)